

# Hrólfur Sigurðsson

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Kjarvalssal á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir yfirlitssýning á verkum málarans *Hrólfis Sigurðssonar* og mun hún sett upp í til-efni sjötugsafmælis hans.

Hrólfur er engin óþekkt stærð í íslenski myndlist, þótt hann hafi einungis haldið eina sjálfstæða sýningu í Reykjavík, sem var í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1962. Hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga með góðum árangri, m.a. átta Haustsýningum FÍM og fimm sinnum verið þátttakandi á sýningum Listmálarafélagsins. Þar að auki hefur hann gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir listamenn, m.a. setið í listráði Listasafns Íslands sem kjörinn fulltrúi þeirra og það eitt segir sína sögu.

Það er rétt sem segir, að þeir eru til sem hafa sig lítt í frammi um sýningarhald. Orsakirnar geta verið margar og ólíkar og m.a. reynir það mjög á taugakerfi viðkomandi vegna alls umstangsins, sem er í kringum þær og óvissu um undirtektir svo og dutlunga-full viðbrögð fjölmiðla. Þá hefur ástandið í listmálum verið meira en undarlegt hérlendis og er enn, þannig að sumir eru jafnvel í sál-arháská, og skyldi því engan furða, þótt þeir sem geta haldið sig fjarri sýningarhaldi og opinberri listpólitík um leið geri það. Um það höfum við séð ýmis dæmi, en þegar sýningarhald er eina ráðið til að markaðssetja list sína vegna sérstöðu hennar verða menn að fara í slaginn, en það hafa þeir síður þurft er á einhvern hátt hafa fetað hefðbundnar slóð-ir.

Sjálfur grunnur listar Hrólfis Sigurðssonar hefur þannig alltaf verið ágætlega hefðbundinn og traustur, þótt hann teljist jafnframt hafa ræktað sértæk viðhorf á myndfletinum og í þá veru óspart skáldað í flötinn á huglæg-an hátt.

Að baki þessum á stundum næsta óformlegu tilfæringum með liti og form er þó jafnaðarlega rökvis hugsun, hvoru tveggja hvað snertir meðvitaða sem skyn-ræna uppbyggingu myndheilda.

Bakgrunnur þessara vinnu-bragða er öðru fremur sóttur til Kaupmannahafnar, þar sem Hrólfur stundaði nám í teiknikskóla Eric Clemmesen árið 1946, en fékk fljótlega inngöngu í Konung-lega fagurlistaskólann, þar sem hann stundaði nám hjá Kræsten Iversen til vorsins 1950.

Það þótti með miklum ólíkind-um á þessu tímabili hve hópur Íslendinga var stór við skólann, en það má láta nærri að þeir hafi verið jafn margir eða fleiri en all-ir samanlagt sem í skólann höfðu komið frá upphafi, í nær 200 ára sögu hans! En umskiptin urðu svo snögg, því að þegar sá er hér rit-ur hóf nám við skólann haustið 1950 var hann framan af, að því

ég best veit, eini Íslendingurinn sem var reglulegur nemandi í málaradeild, en einn bættist svo við nokkru seinna, en sá var á síðasta námsári.

Í Kaupmannahöfn naut Hrólfur hefðbundinn akademískrar kennslu, sem fólst m.a. í því að teikna fyrirsætur frá morgni til kvölds fyrstu árin. Íhaldsöm kennsla að visu en mun lærdóms-rikari og giftudrýgri en maður gerði sér grein fyrir í fyrstu. Þessu fylgdi einnig, að menn fengu ekki að fara í lit fyrr en þeir höfðu tekið út vissan þroska í teikning-

það voru þeir sem áttu erindi á listavettvang.

Þessi formáli er ekki út í hött þegar list Hrólfis Sigurðssonar er til umfjöllunar, því grunnur hennar er greinilega sóttur í vinnu-brögð sem eru nær óþekkt hér á landi er svo er komið.

Hægt og bitandi kemur hinn listræni þroski, og hver og einn höndlar hann sjálfur, en er ekki einhver þiggjandi fjölbjóðlegra hræringa og hópefli sem yfir ganga, og virðist lífselexir þeirra er hafa lítið fram að færa sjálfir.

Þroski Hrólfis hefur einmitt á



„Við sjóinn“. Ólía á striga. 1982.

unni, sem einnig var af hinu góða, því að eðlismunurinn er hér mik-ill svo að hver og einn hefur gott af aðhaldi og því að upplifa hann í vinnu sinni.

Á þessum árum fékk heldur enginn að fara í framhaldsdeildir eins og t.d. veggmyndagerð eða grafík fyrr en þeir höfðu sannað verðleika sína í teiknun og málun.

Hvað sem hver segir um þessa kennslu hefur hún skilað af sér traustustu og hugmyndafræktu framúrstefnumálurum aldarinnar og hún kom líka í veg fyrir að minni spámenn og loddarar gætu villt á sér heimildir, því að þeir strönduðu einfaldlega á miðri leið eða fyrr.

Mönnum var í sjálfsvald sett að beita sig listrænum aga og vist er að vinnubrögð margra voru æði frjálsg og losaraleg, en að-ir lögðu sig alla fram. Hér þekkt-ist ekki miðstýring að ofan og yfirbygging skólans var einföld og skrifræðið lítið, hver og einn var sem sagt sinnar eigin gæfu smíður, en rétt er að menn voru margir æði líkir próffessorunum í vinnubrögðum sínum. Seinna hristu sumir þessi áhrif af sér og


þennan hátt komið hægt og bit-andi, en smám saman gert hann að mjög traustum málara svo sem öll sýningin í Kjarvalssal er til vitnis um.

En fyrir margt er traudla hægt að nota skilgreininguna yfirlits-sýning um þessa framkvæmd, því það vantar svo mikið af eldri verk-um. Jafnvel hefði verið gagn af því að sjá teikningar af fyrirsæt-um frá árunum í Kaupmannahöfn.

Ýmsum mun þykja þetta skrit-inn og jafnvel hæpinn framslátt-ur, en þetta hef ég séð á yfirlits-sýningum erlendis, t.d. á sýningu verka Richards Mortenssen á Rík-islitasafninu í Kaupmannahöfn, sem er einn af höfuðpaurum strangflatalistarinnar í Dan-mörku. Þær teikningar hafði hann gert í skóla Bissie Höyer.

Elsta málverkið á sýningunni er þannig Heklumynd frá 1961, sem vekur strax upp í manni for-vitni eftir að sjá meira frá því tímabili svo og einnig sjötta ára-tugnum, þ.e. er listamaðurinn var allur í dökkum tónum og þá helst jarðlitum. Þetta tímabil er ekki til á sýningunni.

Viðhorfið, að sýna einungis það



Hrólfur Sigurðsson.

réttilega halda því fram og í orð-ins fyllstu merkingu, að þessi vinnubrögð gangi eins og rauður þráður í gegnum drjúgan hluta sýningarinnar.

Hér er gott dæmi um skáld-skapinn í myndum Hrólfis, en með þessu magnar hann upp dularfulla stemmningu, er hrifur skoðand-ann með sér. En Hrólfur á sér einnig fleiri hliðar og þess sér stað í öðrum málverkum á sýning-unni og í ýmsum þeirra hugsar hann öllu meira um hina sýnilegu uppbyggingu myndverksins en þegar mettaðir og seiðandi litir ráða ferðinni.

Og hvað uppbyggingu mynd-heilda snertir, þá skynjar maður jafnvel rökvisu hugsun í gegnum þær myndir sem virka frjálsgast málaðar og sérstækastar í form-um.

Að myndbyggingin sé Hrólfur mikið atriði kemur m.a. fram í því að hann virðist á stundum leggja út af Jóni Stefánssyni, sem var hvað strangastur í byggingu verka sinna. Hjá Jóni var stundum lagt út á ystu nöf til að ná við-brögðum, en gerði ekki El Greco það líka svo og Cézanne auk margra annarra? Þessir menn höfðu myndbygginguna í fingrun-um en fóru eftir eðlishvötinni í útfærslu hennar, en eigi síður strangri rökvisi, svo sem t.d. Po-ussin.

Þetta kemur t.d. fram í mál-verkunum „Rauðisandur“ frá 1988 og 1989, þar sem láréttar línur forgrunnins skipta miklu meira máli en í fjarska sér í fjall og kólubakka yfir því.

Hér er skemmtilega unnið úr íslensku myndefni og erfðavenju, og þrátt fyrir allt bera myndirnar sterkan svip höfundar síns.

Sér á báti er stóra málverkið „Úr Vogunum“ frá 1985, en hér gegnir dularfullt hús í bakgrunn-inum miklu hlutverki. Húsið virkar svo fjarlæg og einmanalegt en yfir allri myndinni er einhver norrænn galdur og birtuflæði, sem grípur skoðandann sterkum tókum.

Það má segja að í heild sé þetta mjög fágúð og menningarleg sýn-ing, sem kynnir listamanninn Hrólf Sigurðsson allvel. Ennfrem-ur að hún sé góð kynning á hug-takinu málverk eins og það var skilið og hefur lengi verið skilið í norrænni list.

Gefin hefur verið út handhæg sýningarskrá í sama formi og áður í sambandi við fyrri bodsýn-ingar, sem er mikilsverð kynning á listamönnum. Í þessu tilviki njóta svart/hvítu myndirnar sín alls ekki, þar sem liturinn gegnir svo miklu máli í uppbyggingu málverkanna.

En að einu leyti er framkvæmd þessarar sýningar frábrugðin hin-um fyrri og það er hinn stutti sýningartími, eða aðeins tvær vik-ur að mér skilst, en í slíkum tilvik-um eru þrjár til fjórar vikur hið minnsta sem hægt er að bjóða upp á. Sýningarnar þurfa að fá svigrúm til að vinna sig upp og eiga að vera vel skoðaðar af skóla-nemendum. Skulu menn því hafa það hugfast, að sýningunni lýkur sunnudaginn 15. nóvember.

## Í góðum tilgangi

### Bókmenntir

Erlendur Jónsson

**Benedikt Sigurðsson: NÝ ÚTÓPIA? Greinasafn. 85 bls. Útg. Kiwanisklúbburinn Katla, 1992.**

Ungur maður að norðan kom einu sinni til Valdímars Ásmundssonar og bað hann að birta grein sem hann hafði samið. Ritstjóri Fjallkonunnar las greinina og sagði síðan álit sitt: Ritsmíðin væri nokkuð góð. Ungi maðurinn varð harla glaður. En gleð-in dvinaði skjótt þegar Valdímur fékk

honum greinina aftur með þeim orð-um að hann mundi ekki birta hana. Og ástæðan? Í greininni kæmi ekki fram neitt nýtt. Allt, sem þar stæði, væri búið að segja áður.

Sagan af Valdímur og unga mann-inum kemur í hugann þegar þetta greinasafn Benedikts Sigurðssonar er lesið.

Benedikt fæst við sundurleit við-fangsefni: Dóminn yfir Sókratesi, sálarlíf Egils, síðferði Gúllvers, breyskleika Macbeths og hik Ham-lets. Þar að auki segir hann álit sitt á þróunarhjálp sem hann lýsir sig eindregið fylgjandi; hefur enda kynnt

sér þau mál af eigin sjón og raun. Síst skal í efa dregið að allt sé þetta hugsað og samið í góðum tilgangi. Og víst hlýtur maður að samsinna mörgu því sem Benedikt heldur fram eða bendir á, að minnsta kosti því sem hann segir um mannúðarmál. Hver vill ekki rétta bágstöddum hjálparhönd eða lina þjáningar sjúkra og sveltandi barna svo dæmi séu tekin? Þess háttar umræða verður sjaldnast að deiluefni. Ekki verður heldur þrætt fyrir að Egill karlinn hafi verið þunglyndur þegar þannig stóð í bóli hans. Það sem Benedikt segir um kappann þann og önnur stórmenni bókmenntanna kann því allt að vera á gildum rökum reist. Erfiðara er að finna nýjan flöt á jafn-paulkonnudum viðfangsefnum. Skemmst er frá að segja að Bene-dikt hefur ekki heldur náð þeirri

snerpu og einbeini sem þarf til að orð hans vekji skjóta athygli. Hugleið-ingar hans um þróunarástod eru á sinn hátt virðingarverðar. En þær eru almenns eðlis. Og mannúðin er sjálfsgæðari en svo að menn taki að leggja eyra við málflutningnum ef hann boðar ekki neitt nýtt. Benedikt þarf að skerpa eigin hugsun, efla málkenn sína og hefja stíl sinn til meiri reisnar áður en hann tekur að sér það torvelða hlutverk að vekja aðra til umhugsunar.

Þar að auki hefði þurft að vanda betur til útgáfunnar. Prentvillur eru margar. Og málfari er sums staðar ábótavant. Kunn orðasanbönd, sem Benedikt grípur gjarna til, eru víða úr lagi færð. Nokkur dæmi: „... ganga til bols og höfuðs á...“ „... að fara villu vega...“ „að hefna morðið á föður sínum...“ „... um

ramman reip að draga...“ Eða setn-ingin: »Niðurstaða hans ber taum af því.« Og á einum stað brast lesand-ann hreinlega skilning á samheng-inu. Fyrst segir að barnaskóli hafi brunnið; síðan að skjótt hafi verið brugðist við til að hefja »endurreisn spítalans.«

Ef til vill hentar höfundur annað betur en ritgerðaformið. Hann gæti t.d. reynt að setja saman vandamála-leikrit. Þess háttar stykki ganga enn. Og gera þá gott.

P.S. — Í grein minni, *Rithöfundur lýsir myndlistarmanni* (um Thor og Svavar 4. nóv. sl.), féllu niður nokkr-ur línur með þeim afleiðingum að fyrri hlutinn varð eintómt rugl. Hér kemur hið rétta:

Gömlu meistarnir voru enn starfandi og í hávegum hafðir. Mynd-ir um myndlist, að ýmsum þótti.